



Ársskýrsla

**Menntaskólans á Akureyri
2021-2022**

Efnisyfirlit

<u>Skólinn</u>	3
<u>Húsnæði skólans</u>	3
<u>Starfsfólk</u>	3
<u>Fjöldi nemenda</u>	3
<u>Stúdentar – ýmsar tölur</u>	4
<u>Námið</u>	5
<u>Skólasýn</u>	5
<u>Námsframboð</u>	5
<u>Félagsgreinabraut</u>	5
<u>Heilbrigðisbraut</u>	6
<u>Kjörnámsbraut</u>	6
<u>Mála- og menningarbraut</u>	7
<u>Náttúrufræðibraut</u>	7
<u>Raugreinabraut</u>	8
<u>Raugreina- og tæknibraut</u>	8
<u>Inntökuskilyrði</u>	9
<u>Almenn braut</u>	10
<u>Framkvæmd markmiða</u>	11
<u>Gæðaráð</u>	11
<u>Úttektir</u>	11
<u>Afkoma úr ársreikningi skólans</u>	12
<u>Námsárangur og brottfall</u>	12
<u>Stjórn skólans</u>	13
<u>Stjórnendur</u>	13
<u>Skólaráð</u>	14
<u>Skólanefnd</u>	14
<u>Heimavist og foreldrafélag</u>	15
<u>Heimavist</u>	15
<u>Foreldrafélag</u>	15
<u>Samvinna við aðrar stofnanir</u>	15
<u>Sérstakar áherslur og markmið skólans</u>	15
<u>Fylgiskjöl</u>	15
<u>Skólasetning 23. ágúst 2021</u>	16
<u>Skólaslit 17. júní 2022</u>	17

Skólinn

Húsnæði skólans

Húsnæði MA er frá breytilegum tíma, Gamli skóli frá 1904 (2300 fermetrar), íþróttahúsið frá 1905 (441,5 fermetrar), Möðruvellir frá 1969 (1581,6 fermetrar) og Hólar frá 1996 (2649,8 fermetrar).

Starfsfólk

Á haustönn 2021 voru 52 kennarar starfandi við skólann að meðtöldum skólameistara og aðstoðarskólameistara. Aðrir starfsmenn voru 18. Þrír starfsmenn voru í námsleyfi, þrír í fæðingarorlofi, tveir í leyfi á haustönn.

Á vorönn 2022 voru 50 kennarar starfandi við skólann að meðtöldum skólameistara og aðstoðarskólameistara. Aðrir starfsmenn voru 21. Þrír starfsmenn í fæðingarorlofi, þrír í námsleyfi.

Fjöldi nemenda

Á haustönn 2021 voru 527 nemendur skráðir í nám við skólann, þar af eru fimm erlendingar skiptinemar við skólann. Skipting eftir bekkjum var eftirfarandi:

1. bekkur: 171 nemendur
2. bekkur: 190 nemendur
3. bekkur: 166 nemendur

Skipting eftir brautum í 1. bekk var eftirfarandi:

Almenn braut, hraðlína: 10 nemendur
Félagsgreinabraut: 62 nemendur
Kjörnámsbraut: 15 nemendur
Mála-og menningarbraut: 0
Náttúrufræðibraut: 94 nemendur

Á vorönn 2022 voru 494 nemendur skráðir í nám við skólann. Skipting eftir bekkjum var eftirfarandi:

1. bekkur: 163 nemendur
2. bekkur: 187 nemendur
3. bekkur: 144 nemendur

Skipting eftir brautum í 1. bekk var eftirfarandi:

Almenn braut, hraðlína: 10 nemendur
Félagsgreinabraut: 64 nemendur
Kjörnámsbraut: 10 nemendur
Mála-og menningarbraut: 0
Náttúrufræðibraut: 79 nemendur

Stúdentar – ýmsar tölur

Brautskráning fór að venju fram 17. júní. Hér má sjá helstu tölur varðandi stúdenta.

Brautarskipting

Brautir	Fjöldi
Félagsreinabraut	73
Kjörnámsbraut	1
Mála- og menningarbraut	17
Náttúrufræðibraut	50
Raungreinabraut	9
Samtals	150

Kynjaskipting

Stúlkur 102 (68,%)

Piltar 48 (32,%)

Einkunnadreifing 3.bekkur

	Eikunnabil	Fjöldi	Hlutfall
Ágætiseinkunn	9,0 – 10	6	4
Fyrsta einkunn	7,25 - 8,99	96	65
Önnur einkunn	6,0 – 7,24	46	31

Meðaleinkunn á stúdentsprófi var 7,7

Námið

Skólasýn

Virðing – víðsýni – árangur

Skólastarfið þroskar víðsýni nemenda, gagnrýna hugsun, jafnréttisvitund, siðvit og samfélagslega ábyrgð.

Nemendur MA bera virðingu fyrir sjálfum sér, samstarfsfólki og umhverfi sínu.

Allir nemendur gera sitt besta og þroska fjölbætta eiginleika sína.

Frumleiki og sköpun skipa veigamikinn sess í skólastarfinu.

Skólastarfið eflir málvitund nemenda.

Í skólastarfinu er lögð áhersla á gott tungumálanám, söguvitund, menningar- og náttúrulæsi.

Skólinn leggur rækt við læsi í víðum skilningi, vísindalega hugsun og aðferðir.

Kennsluhættir eru fjölbreyttir og aðferðir við námsmat einnig.

Námsframboð

Menntaskólinn á Akureyri er bóknáms- og bekkjaskóli. Haustið 2016 var tekin upp ný námskrá miðuð að þriggja ára, 210 eininga námi til stúdentsprófs. Námsbrautirnar eru fimm: mála- og menningarbraut, félagsgreinabraut, náttúrufræðibraut, raungreinabraut og kjörnámsbraut. Fyrst var innritað eftir nýju kerfi haustið 2016 en haustið 2017 var námskráin endurskoðuð og stúdentsprófið er nú 200 einingar. Nemendum gefst kostur á sveigjanlegum námslokum svo námstími þeirra getur verið þrjú og hálf ár eða fjögur ár.

Félagsgreinabraut

Brautin veitir góðan almennan undirbúning fyrir nám á háskólastigi, sérstaklega í félagsgreinum. Einkennisgreinar brautarinnar eru einkum félagsfræði, fjölmiðlafræði, heimspeki, saga, sálfræði, stjórn málafræði og uppeldisfræði.

Nám á félagsgreinabraut er fyrst og fremst bóklegt og áhersla lögð á nám í félagsgreinum. Skipulagið byggir bæði á bekkjar- og áfangakerfi.

Að loknu námi skal nemandi hafa hæfni til að ...

- takast á við nám á háskólastigi, sérstaklega í félagsgreinum
- búa yfir góðri, almennri þekkingu á sviði félagsgreina
- vera læs á menningu og siði ýmissa menningar- og málsamfélaga
- geta tjáð sig skýrt og skipulega í ræðu og riti og fært rök fyrir skoðunum sínum á vandaðri íslensku
- afla gagna, vinna úr, meta og miðla upplýsingum á gagnrýninn hátt
- beita sjálfstæðum og öguðum vinnubrögðum
- lesa og greina rannsóknarniðurstöður
- taka þátt í rökræðum um samfélagsleg málefni
- beita skapandi og gagnrýninni hugsun
- vera virkur og ábyrgur borgari í lýðræðissamfélagi
- efla eigin sjálfsmynd og nýta styrkleika sína
- skilja nærumhverfi sitt og stöðu þess í alþjóðlegu samhengi út frá fræðilegum forsendum
- skilja aðstæður fólks og geta sett sig í spor þeirra sem búa við önnur skilyrði en hann sjálfur gera sér grein fyrir eigin ábyrgð í vist- og umhverfismálum og hvernig hann getur miðlað reynslu sinni og þekkingu til góðs í átt að sjálfbærni.

Heilbrigðisbraut

Brautin veitir góðan almennan undirbúning fyrir nám á háskólastigi og hentar sérstaklega vel þeim nemendum sem hyggja á nám í heilbrigðistengdum greinum, til dæmis í læknisfræði, hjúkrunarfræði, íþróttfræði, næringarfræði og sálfræði.

Að loknu námi skal nemandi hafa hæfni til að...

- takast á við nám á háskólastigi, sérstaklega í raungreinum og heilbrigðisgreinum
- taka þátt í upplýstri umræðu um umhverfismál og lífsskilyrði jarðarbúa, vísindi og tækni
- geta tjáð sig skýrt og skipulega í ræðu og riti og fært rök fyrir skoðunum sínum á vandaðri íslensku
- hafa tileinkað sér tölulæsi og meðferð talna
- beita sjálfstæðum og öguðum vinnubrögðum
- afla gagna, vinna úr, meta og miðla upplýsingum á gagnrýninn hátt
- beita skapandi og gagnrýninni hugsun
- vera virkur og ábyrgur borgari í lýðræðissamfélagi
- efla eigin sjálfsmynd og nýta styrkleika sína
- afla sér nýrrar þekkingar og viðhalda henni
- gera sér grein fyrir eigin ábyrgð í vist- og umhverfismálum og hvernig hann getur miðlað reynslu sinni og þekkingu til góðs í átt að sjálfbærni
- nýta sér almenna og góða þekkingu á náttúruvísindum

Kjörnámsbraut

Brautin veitir góðan almennan undirbúning fyrir nám á háskólastigi, ásamt því að veita góðan og sértækan undirbúning í þeim námsgreinum sem nemendur leggja sérstaka áherslu á.

Að loknu námi skal nemandi hafa hæfni til að ...

- takast á við nám á háskólastigi, sérstaklega á því sérsviði sem hann hefur valið sér
- búa yfir góðri, almennri þekkingu á sínu sérsviði
- vera læs á menningu og siði ýmissa menningar- og málsamfélaga
- geta tjáð sig skýrt og skipulega í ræðu og riti og fært rök fyrir skoðunum sínum á vandaðri íslensku
- afla gagna, vinna úr, meta og miðla upplýsingum á gagnrýninn hátt
- beita sjálfstæðum og öguðum vinnubrögðum
- lesa og greina rannsóknarniðurstöður
- taka þátt í rökræðum um samfélagsleg málefni
- beita skapandi og gagnrýninni hugsun
- vera virkur og ábyrgur borgari í lýðræðissamfélagi
- efla eigin sjálfsmynd og nýta styrkleika sína
- skilja nærumhverfi sitt og stöðu þess í alþjóðlegu samhengi út frá fræðilegum forsendum
- skilja aðstæður fólks og geta sett sig í spor þeirra sem búa við önnur skilyrði en hann sjálfur gera sér grein fyrir eigin ábyrgð í vist- og umhverfismálum og hvernig hann getur miðlað reynslu sinni og þekkingu til góðs í átt að sjálfbærni

Mála- og menningarbraut

Brautin veitir góðan undirbúning fyrir nám á háskólastigi, sérstaklega í tungumálum og öðrum hugvísindum. Einkennisgreinar brautarinnar eru einkum erlend tungumál, íslenska, saga, menning og miðlun.

Nám á mála- og menningarbraut er fyrst og fremst bóklegt og áhersla lögð á nám í tungumálum og öðrum hugvísindum. Skipulagið byggir bæði á bekkjar- og áfangakerfi.

Að loknu námi skal nemandi hafa hæfni til að ...

- takast á við nám á háskólastigi, sérstaklega í tungumálum og öðrum hugvísindum
- hafa náð færni í þeim tungumálum sem hann hefur valið að leggja stund á
- vera læs á menningu og siði ýmissa menningar- og málsamfélaga og bera virðingu fyrir ólíkum menningarheimum
- geta tjáð sig skýrt og skipulega í ræðu og riti og fært rök fyrir skoðunum sínum á vandaðri íslensku
- afla gagna, vinna úr, meta og miðla upplýsingum á gagnrýnninn hátt
- beita sjálfstæðum og öguðum vinnubrögðum
- átta sig á að tungumálið er stór þáttur í sjálfsmynd einstaklings og þjóðar
- taka þátt í rökkræðum um samfélagsleg málefni
- beita skapandi og gagnrýnninni hugsun í námi
- vera virkur og ábyrgur borgari í lýðræðissamfélagi
- efla eigin sjálfsmynd og nýta styrkleika sína
- skilja nærumhverfi sitt og stöðu þess í alþjóðlegu samhengi út frá fræðilegum forsendum gera sér grein fyrir eigin ábyrgð í vist- og umhverfismálum og hvernig hann getur miðlað reynslu sinni og þekkingu til góðs í átt að sjálfbærni

Náttúrufræðibraut

Brautin veitir góðan undirbúning fyrir nám á háskólastigi, sérstaklega í raungreinum og heilbrigðisgreinum. Mikið svigrúm er til sérhæfingar í vali á brautinni. Einkennisgreinar brautarinnar eru einkum eðlisfræði, efnafræði, jarðfræði, líffræði og stærðfræði.

Nám á náttúrufræðibraut er fyrst og fremst bóklegt og áhersla lögð á nám í raungreinum og heilbrigðisgreinum. Skipulagið byggir bæði á bekkjar- og áfangakerfi.

Að loknu námi skal nemandi hafa hæfni til að ...

- takast á við nám á háskólastigi, sérstaklega í raungreinum og heilbrigðisgreinum
- nýta sér almenna og góða þekkingu á náttúruvísindum og stærðfræði
- taka þátt í upplýstri umræðu um umhverfismál og lífsskilyrði jarðarbúa, vísindi og tækni
- geta tjáð sig skýrt og skipulega í ræðu og riti og fært rök fyrir skoðunum sínum á vandaðri íslensku hafa tileinkað sér tölulæsi og meðferð talna
- beita sjálfstæðum og öguðum vinnubrögðum
- afla gagna, vinna úr, meta og miðla upplýsingum á gagnrýnninn hátt
- beita skapandi og gagnrýnninni hugsun
- vera virkur og ábyrgur borgari í lýðræðissamfélagi
- efla eigin sjálfsmynd og nýta styrkleika sína
- afla sér nýrrar þekkingar og viðhalda henni
- gera sér grein fyrir eigin ábyrgð í vist- og umhverfismálum og hvernig hann getur miðlað reynslu sinni og þekkingu til góðs í átt að sjálfbærni

Raungreinabraut

Brautin veitir góðan undirbúning fyrir nám á háskólastigi, sérstaklega í eðlisfræði, efnafræði, stærðfræði og verkfræði, með námsframboði til sérhæfingar í eðlisfræði og stærðfræði. Einkennisgreinar brautarinnar eru einkum eðlisfræði, efnafræði, jarðfræði, líffræði og stærðfræði.

Nám á raungreinabraut er fyrst og fremst bóklegt og áhersla lögð á nám í raungreinum og stærðfræði. Skipulagið byggir bæði á bekkjar- og áfangakerfi.

Að loknu námi skal nemandi hafa hæfni til að ...

- takast á við nám á háskólastigi, sérstaklega í raungreinum og verk- og tæknigreinum
- nýta sér almenna og góða þekkingu á náttúruvísindum og stærðfræði
- geta tjáð sig skýrt og skipulega í ræðu og riti og fært rök fyrir skoðunum sínum á vandaðri íslensku
- hafa tileinkað sér tölulæsi og meðferð talna
- beita sjálfstæðum og öguðum vinnubrögðum
- afla gagna, vinna úr, meta og miðla upplýsingum á gagnrýnninn hátt
- beita skapandi og gagnrýnninni hugsun
- vera virkur og ábyrgur borgari í lýðræðissamfélagi
- efla eigin sjálfsmýnd og nýta styrkleika sína
- afla sér nýrrar þekkingar og viðhalda henni
- gera sér grein fyrir eigin ábyrgð í vist- og umhverfismálum og hvernig hann getur miðlað reynslu sinni og þekkingu til góðs í átt að sjálfbærni

Raungreina- og tæknibraut

Brautin veitir góðan almennan undirbúning fyrir nám á háskólastigi og hentar sérstaklega vel þeim nemendum sem hyggja á nám til dæmis í stærðfræði, eðlisfræði, verkfræði og tölvunarfræði.

Nám á náttúrufræðibraut er fyrst og fremst bóklegt og áhersla lögð á nám í náttúrufræðigreinum. Skipulagið byggir bæði á bekkjar- og áfangakerfi.

Að loknu námi skal nemandi hafa hæfni til að ...

- takast á við nám á háskólastigi, sérstaklega í raungreinum og stærðfræði, verkfræði- og tæknigreinum
- taka þátt í upplýstri umræðu um umhverfismál og lífsskilyrði jarðarbúa, vísindi og tækni
- geta tjáð sig skýrt og skipulega í ræðu og riti og fært rök fyrir skoðunum sínum á vandaðri íslensku
- hafa tileinkað sér tölulæsi og meðferð talna
- beita sjálfstæðum og öguðum vinnubrögðum
- afla gagna, vinna úr, meta og miðla upplýsingum á gagnrýnninn hátt
- beita skapandi og gagnrýnninni hugsun
- vera virkur og ábyrgur borgari í lýðræðissamfélagi
- efla eigin sjálfsmýnd og nýta styrkleika sína
- afla sér nýrrar þekkingar og viðhalda henni
- gera sér grein fyrir eigin ábyrgð í vist- og umhverfismálum og hvernig hann getur miðlað reynslu sinni og þekkingu til góðs í átt að sjálfbærni

Inntökuskilyrði

Almenn inntökuskilyrði eru að nemendur hafi hlotið B eða hærra í ensku, íslensku og stærðfræði á grunnskólaprófi. Ef fleiri sækja um skólann en hægt er að innrita áskilur skólinn sér rétt til að velja þá nemendur sem hann telur hafa bestan undirbúning hverju sinni. Nánar er kveðið á um inntökuskilyrði í skólanámskrá.

Meðaltal skólaeinkunna í íslensku, stærðfræði, dönsku og ensku skal ekki vera lægra en 6, einkunnir mega þó ekki vera lægri en 5. Sæki nemandi um á raungreinasviði skal einkunn í stærðfræði ekki vera lægri en 6. Ef fleiri sækja um skólann en hægt er að innrita áskilur skólinn sér rétt til að velja þá nemendur sem hann telur hafa bestan undirbúning hverju sinni.

Heimilt er að innrita nemanda sem ekki uppfyllir ofangreind skilyrði og þarf þá nemandi að sitja stoðtíma eða þiggja námsaðstoð við hæfi.

Skólameistari getur heimilað nemendum, sem ekki uppfylla framangreind inntökuskilyrði, að hefja nám ef hann telur líkur á því að þeir standist þær kröfur sem gerðar eru um námsárangur.

Félagsgreinabraut: Almenn inntökuskilyrði eru að nemendur hafi hlotið B eða hærra í ensku, íslensku og stærðfræði á grunnskólaprófi. Ef fleiri sækja um skólann en hægt er að innrita áskilur skólinn sér rétt til að velja þá nemendur sem hann telur hafa bestan undirbúning hverju sinni. Nánar er kveðið á um inntökuskilyrði í skólanámskrá.

Hjúkrunarbraut: Almenn inntökuskilyrði eru að nemendur hafi hlotið B eða hærra í ensku, íslensku og stærðfræði á grunnskólaprófi. Ef fleiri sækja um skólann en hægt er að innrita áskilur skólinn sér rétt til að velja þá nemendur sem hann telur hafa bestan undirbúning hverju sinni. Nánar er kveðið á um inntökuskilyrði í skólanámskrá.

Kjörnámsbraut: Almenn inntökuskilyrði eru að nemendur hafi hlotið B eða hærra í ensku, íslensku og stærðfræði á grunnskólaprófi. Ef fleiri sækja um skólann en hægt er að innrita áskilur skólinn sér rétt til að velja þá nemendur sem hann telur hafa bestan undirbúning hverju sinni. Nánar er kveðið á um inntökuskilyrði í skólanámskrá.

Mála- og menningarbraut: Almenn inntökuskilyrði eru að nemendur hafi hlotið B eða hærra í ensku, íslensku og stærðfræði á grunnskólaprófi. Ef fleiri sækja um skólann en hægt er að innrita áskilur skólinn sér rétt til að velja þá nemendur sem hann telur hafa bestan undirbúning hverju sinni. Nánar er kveðið á um inntökuskilyrði í skólanámskrá.

Náttúrufræðibraut: Almenn inntökuskilyrði eru að nemendur hafi hlotið B eða hærra í ensku, íslensku og stærðfræði. Ef fleiri sækja um skólann en hægt er að innrita áskilur skólinn sér rétt til að velja þá nemendur sem hann telur hafa bestan undirbúning hverju sinni. Nánar er kveðið á um inntökuskilyrði í skólanámskrá.

Raungreinabraut: Almenn inntökuskilyrði eru að nemendur hafi hlotið B eða hærra í ensku, íslensku og stærðfræði á grunnskólaprófi. Ef fleiri sækja um skólann en hægt er að innrita áskilur skólinn sér rétt til að velja þá nemendur sem hann telur hafa bestan undirbúning hverju sinni. Nánar er kveðið á um inntökuskilyrði í skólanámskrá.

Raungreina – og tæknibraut: Almenn inntökuskilyrði eru að nemendur hafi hlotið B eða hærra í ensku, íslensku og stærðfræði á grunnskólaprófi. Ef fleiri sækja um skólann en hægt er að innrita áskilur skólinn sér rétt til að velja þá nemendur sem hann telur hafa bestan undirbúning hverju sinni. Nánar er kveðið á um inntökuskilyrði í skólanámskrá.

Nánari ákvæði um inntökuskilyrði í skólann:

Nemendur með C+ og C í skólaeinkunn úr 10. bekk geta sótt um skólavist og verða umsóknir þeirra skoðaðar sérstaklega. Í þeim tilfellum áskilur skólinn sér rétt til að taka einnig mið af einkunnum í öðrum greinum.

Til að nemendur geti innritast í áfanga á öðru þrepi í íslensku, stærðfræði, ensku og dönsku þurfa þeir að hafa fengið B eða hærra í skólaeinkunn. Ef nemandi sem hefur fengið C+ eða C í einhverri námsgrein fær inngöngu í skólann þarf hann að taka áfanga á 1. þrepi í viðkomandi grein áður en hann fer í áfanga á 2. þrepi. Nemendur í þessari stöðu, og forráðamenn þeirra, þurfa að ráðfæra sig við brautastjóra um útfærslu á þessu ákvæði inntökuskilyrða.

Nemendur með C+ eða C í stærðfræði geta sótt um að innritast á félagsgreinabraut og mála- og menningarbraut og gerir skipulag þeirra brauta ráð fyrir að nemendur geti tekið áfanga á 1. þrepi í stærðfræði.

Hafa þarf í huga að þó að danska sé ekki tilgreind í inntökuskilyrðum skólans gildir hið sama um hana, þ.e. að til að nemendur geti hafið nám á öðru þrepi í dönsku þurfa þeir að hafa fengið B eða hærra í skólaeinkunn. Þar sem dönskunám nemenda í MA hefst ekki fyrr en ýmist á öðru eða þriðja ári hafa nemendur sem hafa fengið C+ eða C í dönsku í grunnskóla tækifæri til að taka dönskuáfanga á 1. þrepi áður en þeir fara í dönsku á 2. þrepi. Boðið verður upp á dreifnámsáfanga á 1. þrepi í MA og einnig geta nemendur tekið 1. þreps áfanga í fjarnámi í öðrum skólum.

Almenn braut

Hraðlína

Við Menntaskólann á Akureyri er á fyrsta námsári almenn bóknámsbraut, hraðlína, þar sem teknir eru inn nemendur sem lokið hafa 9. bekk grunnskóla. Á fyrsta námsári ljúka þeir reglulegu námi fyrsta bekkjar og að loknu námi þennan fyrsta vetur ganga þeir til áframhaldandi náms eins og aðrir nemendur í fyrsta bekk. Sérstakir umsjónartímar eru einu sinni í mánuði þar sem nemendur á hraðlínu hittast ásamt verkefnisstýru og þeir fá því stuðning og aðhald svo þeir aðlagist námi og lífi í MA sem best. Með þessu ná góðir nemendur að takast á við krefjandi verkefni og flýta námi sínu til stúdentsprófs um eitt ár.

Framkvæmd markmiða

Menntaskólinn á Akureyri hefur starfað eftir nýrri námskrá frá 2010 sem byggir á lögum um framhaldsskóla frá 2008. Sú námskrá hefur nú verið endurskoðuð og nemendur á fyrsta ári innrituðust samkvæmt nýrri námskrá sem miðast við þriggja, þriggja og hálfis eða fjögurra ára nám til stúdentsprófs.

Markmið um að reka MA hallalaust hefur gengið eftir. Eignakaup og annar rekstur hefur verið innan áætlunar

Gæðaráð

Gæðaráð var stofnað í ágúst 2016 og tók yfir störf sjálfsmatsnefndar. Hlutverk gæðaráðs Menntaskólans á Akureyri er að fylgja eftir gæðastefnu skólans.

Gæðaráð er skipað skólameistara, aðstoðarskólameistara, gæðastjóra, brautastjórurum, skrifstofustjóra og fjármálastjóra. Gæðaráð fundar vikulega samkvæmt boðaðri dagskrá og eru því gæðamálefni í stöðugri umfjöllun innan Menntaskólans á Akureyri.

Í framhaldi gæðaráðsfunda eru verkefni sem ákveðin voru á fundinum og falin í ábyrgð stjórnenda færð á verkefnalista og því tryggt að eftirfylgni sé með framkvæmd. Úrbætur, forvarnir og aðrir þættir gæðamála sem koma upp á fundum gæðaráðs eru því í stöðugri umfjöllun og virk eftirfylgni með framkvæmd.

Með ofangreindum hætti tvinnar Menntaskólinn á Akureyri daglegan rekstur og gæðamál saman í einn heildstæðan rekstur.

Gæðaráð ræddi um uppbyggingu handbókarinnar og ákveðið var að málalykill skólans yrði lagður til grundvallar.

Skýrslu Gæðaráðs veturinn 2021-2022 má finna á heimasíðu skólans:

http://www.ma.is/static/files/skolinn/sjalfsmat/Skyrsla_gaedarad_2021-2022.pdf

Úttektir

Menntamálaráðuneytið gerði úttekt á starfi skólans á vorönn 2017.

Skólinn fékk tilkynningu frá mennta- og menningarmálaráðuneytinu þann 8. desember 2016 að gerð yrði ytri úttekt á skólanum árið 2017 og Menntamálastofnun yrði falin umsjón með henni. Í bréfinu kom fram að markmið með ytra mati er að leggja mat á starfsemi skólans með hliðsjón af gildandi lögum um framhaldsskóla, reglugerðum og aðalnámskrá framhaldsskóla. Í ytra mati skal m.a. lögð áhersla á stjórnun, kennslu, námskröfur, námsmat og samskipti. Einnig skal leggja mat á kerfisbundið innra mat skólans og hvernig það nýtist til umbóta.

Skýrsluna má finna hér: http://www.ma.is/static/files/skolinn/sjalfsmat/MA_skyrsla_Loka.pdf

Afkoma úr ársreikningi skólans

Menntaskólinn á Akureyri
02-302

Rekstrarreikningur

	Reikningur 2021	Reikningur 2020	Fjárheimildir 2021
Tekjur			
Sértekjur.....	23.264.808	23.576.132	43.800.000
Markaðar tekjur.....	0	0	0
Aðrar rekstrartekjur.....	6.360.000	6.570.000	0
Tekjur samtals	29.624.808	30.146.132	43.800.000
Gjöld			
Almennur rekstur.....	1.019.410.593	986.166.833	1.010.538.060
101 Menntaskólinn á Akureyri.....	1.019.410.593	986.166.833	1.010.538.060
Gjöld samtals	1.019.410.593	986.166.833	1.010.538.060
Tekjur umfram gjöld	-989.785.785	-956.020.701	-966.738.060
Framlag úr ríkissjóði	960.372.331	972.486.871	970.672.331
Hagnaður/tap ársins	-29.413.454	16.466.170	3.934.271

Námsárangur og brottfall

6 nemendur sem ekki útskrifast eru með sveigjanleg námslok

	Fjöldi nem.	Meðaleink.	Skólasókn haustönn	Skólasókn á vorönn	Fjöldi falleink unna	Hættir	Fall í áfanga /áföngum	Fjarnám í sumar
1.bekkur	165	7,7	97,0	94,9	71	10	28	
2.bekkur	188	7,3	95,9	94,4	133	6	59	6
3.bekkur	176	7,1	93,9	92,2	72			

Stjórn skólans

Stjórnendur

Við Menntaskólann á Akureyri starfar skólanefnd skipuð af menntamálaráðherra til fjögurra ára í senn og hefur með að gera stefnumótun og áætlanagerð skólans. Einnig er við skólann skólaráð skipað stjórnendum, kennurum og nemendum og fjallar um innri stjórn skólans.

Skólameistari: Jón Már Héðinsson

Aðstoðarskólameistari: Sigurlaug Anna Gunnarsdóttir

Fjármálastjóri: Ragnar Hólm Ragnarsson

Brautar-/sviðsstjórar:

Alma Oddgeirsdóttir – Félagsgreina- og Mála- og menningarbraut.

Valdís Björk Þorsteinsdóttir – Náttúrufræði- og raungreinabraut.

Yfirbókavörður: Brynhildur Ólöf Frímansdóttir

Tölvuþjónusta:

Kerfisþjónustua **Advanu** á Akureyri hýsir meginpart tölvukerfis skólans. Advania heldur einnig úti mannskap sem hluta af kerfisþjónustu við skólann.

Fagstjórar:

Erlend tungumál, önnur en enska
Félagsgreinar, saga og heimspeki
Raungreinar

Anna Eyfjörð Eiríksdóttir
Björn Vigfússon
Brynja Finnsdóttir (fæðingarorlof 2021-2022)
Guðjón Andri Gylfason (afleysing 2021-2022)

Enska
Stærðfræði
Íslenska

Hildur Hauksdóttir
Jóhann S. Björnsson
Eyrún Huld Haraldsdóttir

Verkefnastjórar:

Hraðlína:
Kynningarmál:
Gæðastjóri:
Félagsmálastjórn:
Jafnréttisstýra:

Hildur Hauksdóttir
Eyrún Huld Haraldsdóttir
Sigrún Aðalgeirsdóttir
Unnar Vilhjálmsson
Hólmfríður Jóhannsdóttir (leyfi 2021-2022)
Bjarni Jónasson haust 2021
Margrét Guðmundsdóttir vor 2022

Ritstjórn ma.is:
Ritver

Brynjar K Óttarsson, Eyrún H. Haraldsdóttir, Sigurlaug A Gunnarsdóttir
Lilja Ákadóttir (fæðingarorlof 2021-2022)
Jónína Margrét Guðbjartsdóttir, Guðný Bjarnadóttir,
Linda Sólveig Magnúsdóttir

UT-ráðgjöf

Anna Eyfjörð

Skólaráð

Jón Már Héðinsson skólameistari
Sigurlaug Anna aðstoðarskólameistari
Alma Oddgeirsdóttir brautarstjóri
Heimir Haraldsson námsráðgjafi
Sonja Sif Jóhannsdóttir fulltrúi kennara
Aðalbjörg Bragadóttir fulltrúi kennara

Fulltrúar nemenda:

Elísa Þóreyjardóttir formaður Hugins
Magnea Vignisdóttir forseti Hagsmunaráðs
Hekla María Kristjánsdóttir fulltrúi nemenda
Lárus Anton Freysson fulltrúi nemenda

Skólanefnd

Aðalmenn:

Ásta Arnbjörg Pétursdóttir
Elías Gunnar Þorbjörnsson
Erla Rán Kjartansdóttir
Kristrún Lind Birgisdóttir formaður skólanefndar
Óli Þór Jónsson

Varamenn:

Ágúst Torfi Hauksson
Elva Gunnlaugsdóttir
Gunnfríður Elín Hreiðarsdóttir
Gunnþór Eyfjörð Gunnþórsson
Þorvaldur Bjarni Þorvaldsson

Áheyrnarfulltrúar skólaárið 2021-2022:

Rannveig Ármannsdóttir f.h. kennara
Elísa Þóreyjardóttir f.h. nemenda
Pollý Rósa Brynjólfssdóttir f.h. foreldra

Heimavist og foreldrafélag

Heimavist

Heimavist MA og VMA er heimavist fyrir nemendur sem stunda nám við Menntaskólann á Akureyri og Verkmenntaskólann á Akureyri. Á heimavistinni geta búið um 330 nemendur og er skipt á milli skólanna, íbúar MA eru 110 og VMA 167 skólaárið 2021-2022.

Foreldrafélag

Foreldrafélag Menntaskólans á Akureyri (FORMA) var stofnað þann 19. desember 2003.

Markmið FORMA eru:

- Að efla samstarf milli foreldra um málefni sem varða velferð, menntun og þroska nemenda.
- Að vera vettvangur samstarfs og samráðs foreldra og forráðamanna nemenda.
- Að tryggja gott samstarf foreldra og forráðamanna, nemendafélaga og starfsfólks skólans.
- Að skapa farveg fyrir samskipti við stjórnendur skólans um málefni og hagsmuni ólög ráða nemenda sérstaklega bæði gagnvart námsaðstæðum og þjónustu af hálfu skólans.
- Að styðja heimili og skóla í að skapa nemendum góð uppeldis- og menntunarskilyrði

Samvinna við aðrar stofnanir

Skólinn hefur samvinnu við ýmsar stofnanir á svæðinu, svo sem SamNor, samstarf framhaldsskóla á NE-landi, SÍMEY Símenntunarmiðstöð Eyjafjarðar, Menningarfélag Akureyrar og Tónlistarskólann á Akureyri.

Sérstakar áherslur og markmið skólans

Menntaskólinn á Akureyri er bóknámsskóli sem byggir á fornri hefð en leitast við að vera í fremstu röð framhaldsskóla á Íslandi. Stúdentar úr MA eiga að vera gjaldgengir í hvaða háskólanám sem er hvar sem er í veröldinni. Árangur þeirra hefur sýnt að skólinn stendur undir væntingum.

Hluti af hefð MA er afar öflugt félagsstarf, sem stýrt er og skipulagt af nemendum sjálfum. Metnaðarfullt og heilbriggt félagsstarf er ásamt traustu bóknámi gott veganesti á lífsins braut.

Nemendur skólans eru um 530 og koma víða að og drjúgur hluti þeirra býr á heimavist, sem nú er sjálfseignarstofnun og þjónar nemendum beggja framhaldsskólanna á Akureyri, MA og VMA.

Ný námskrá tók gildi í skólanum haustið 2016 sem miðar að þriggja ára námi til 200 eininga stúdentsprófs.

Á vef MA eru helstu upplýsingar um skólann og starf hans. Einkunnarorð Menntaskólans eru **virðing - víðsýni - árangur**: að sýna starfi, umhverfi og fólki virðingu, vinna gegn fordómum og efla gagnrýna hugsun, leggja sig allan fram og gera eins vel og unnt er

Fylgiskjöl:

Skólasetning og skólaslit

Skólasetning 23. ágúst 2021

Menntaskólinn á Akureyri settur 23. ágúst 2021 í 142. sinn

Í upphafi og í lok skólasetningarinnar var flutt tónlistaratriði með skólahljómsveit MA

Skólameistari bauð nemendur, forráðamenn nýnema og starfsfólk velkomið á skólasetningu.

Jón Mar skólameistari setti síðan skólann með stuttu ávarpi.

Að þessu sinni var skólinn settur í þrennu lagi vegna fjöldatakmarkana.

1 bekkur mætir klukkan 9:00, 2 bekkur mætir klukkan 11:00 og 3 bekkur mætir klukkan 13:00

Menntaskólinn á Akureyri er bekkjarskóli með áfangakerfi, tvær annir á skólaári og próf í lok hvorrar annar, í desember/janúar og maí/júní.

Skólameistari brýndi fyrir nemendum að skipuleggja tíma sinn vel til náms, leggja ykkur fram og munið að þið eruð að læra fyrir ykkur. Skólameistari lagði áherslu á að nám væri full vinna og í skólanum væri gott og gagnlegt félagslíf, sem líka teldist til náms. Skólinn gerði ekki ráð fyrir að nemendur ynnu önnur störf meðfram náminu.

Félagslíf nemenda við MA er mikið, vegna aðstæðna í þjóðfélaginu og samgöngutakmarkana hefur verið minna um að hægt sé að halda uppi öflugum félagslífi, en nú horfum við fram á betri tíma og með bjartsýni að leiðarljósi.

Skólameistari hvatti foreldra og forráðamenn til að standa með börnum sínum og styðja þau á skólagöngunni á þessum sérstöku tímum. Hann þakkaði foreldrum og forráðamönnum fyrir að treysta skólanum fyrir börnum sínum. Stöndum öll saman og gerum eins vel og við getum.

Skólaslit 17. júní 2022

Menntaskólanum á Akureyri var slitið í 142. sinn 17. júní.

Brautskráningin fór fram í Íþróttahöllinni var einnig streymt.

Jón Már skólameistari setti athöfnina sem er hans síðasta athöfn, en hann lætur af störfum við skólann eftir 42 ára starf fyrst sem kennari, síðan 19 ár sem skólameistari.

Hugrún Lilja Pétursdóttir, Jóhanna Rún Snæbjörnsdóttir, Katrín Jónsdóttir og Sigrún Reem Abed sáu um tónlistarflutning við athöfnina.

Alls voru 150 stúdentar brautskráðir.

Dúx skólans er Róbert Tumi Guðmundsson með 9,85 og Óðinn Andrason er semidúx með 9,8.

Í ræðu sinni ræddi skólameistari ýmis atriði; hann fór yfir félagslíf nemenda sem varð kraftmikið á vorönn eftir að samkomutakmörkunum var aflétt. Hann nefndi líka góðan árangur nemenda í MORFís, stærðfræðikeppni, þýskupraut, stuttmyndakeppni í þýsku, forritunarkeppni framhaldsskólanna og efnafræðikeppni og gat þess að í skólanum eru fjölmargir afburðanemendur í ýmsum listgreinum og landsliðsfólk í íþróttum.

Skólameistari sagði frá nýjum [listaverkavef skólans](http://listaverkavef.skolans.is) á ma.is

Hann sagði einnig frá því að það hefði lengi verið draumur að koma upp útiþróttaaðstöðu við skólann og nú er það að orðið að veruleika,

Nú fyrir 17. júní var skilti sett upp við völlinn og honum formlega gefið nafnið Meistaravöllur

Skólameistari ræddi ýmis atriði tengd námi og kennslu, t.d. að kennarar hafa í auknum mæli verið að tileinka sér leiðsagnarkennslu og verkefnaíðað nám.

Tveir starfsmenn voru sérstaklega kvaddir við brautskráningu; Björg Friðjónsdóttir ræstitæknir sem hefur nýlega látið af störfum eftir 30 ára starf.. Jón Ágúst Aðalsteinsson húsvörður hættir í vor eftir 40 ára starf við MA. fengu þau gulluglu skólans Skólameistari veitti einnig Sigurlaugu Önnu aðstoðarskólameistara gulluglu skólans í þakklætisskyni fyrir samstarfið.

Skólameistari var einnig kvaddur sérstaklega við athöfnina fékk hann gjöf frá starfsfólki skólans.

Það er löng hefð fyrir því að fulltrúar afmælisárganga komi að brautskráningu og flestir þeirra styrkja Uglusjóð, hollvinasjóð MA.

Fulltrúi 60 ára stúdenta var Sveinn Þórarinsson
Fulltrúi 50 ára stúdenta var Ásdís Hafstað
Fulltrúi 40 ára stúdenta er Ólafur Pétur Pálsson
Fulltrúi 25 ára stúdenta var Rebekka Kristín Garðarsdóttir
Fulltrúi 10 ára stúdenta var Sigurgeir Ólafsson

Ávarp nýstúdenta

Elísa Þóreyjardóttir flutti ávarp fyrir hönd nýstúdenta, hún var forseti skólafélagsins Hugins sem stýrði félagslífi nemenda í vetur við nokkuð krefjandi aðstæður, ekki síst framan af vetri.

Kveðjuorð skólameistara við síðustu brautskráningu hans:

Kæru vinir og samstarfsfólk, ágætu gestir, ég eins og nemendur, er að kveðja þetta svið eftir 19 ára starf sem skólameistari, framundan er að takast á við ný verkefni, ný ævintýri.

Að lokum þakkaði skólameistari, nemendum og starfsfólki samstarfið.

Athöfninni lauk á því að Skólasöngur Menntaskólans á Akureyri var sunginn.